

EFTIRLITSSKÝRSLA

Elkem Ísland ehf. Hvalfjörður



Dags eftirlits	3.4.2014	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Elkem Ísland ehf.	Fulltrúi UST	Eva Dögg Kristjánsdóttir
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6406750209	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Pétursson	ÍSAT nr.	24.10.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	365514,62 431317,984

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu ekki fram ný frávik en unnið er samkvæmt samþykktum úrbótaáætlunum vegna eldi frávka í sólarhringsstyrk SO2 í loftgæðastöð við Kríuvörðu og vegna magns svifagna og áls í frárennslí. Sömuleiðis var frestur til að sækja um endurupptökum á losunarmörkum sýrustigs frárennslis.

Athugasemd var gerð við að ekki er komið leyfi fyrir losun í flæðigryfjurnar og því ennþá verið að safna upp úrgangi á lóð fyrirtækisins. Í eftirlitinu kom fram að áætlað er að búið verði að koma eldi birgðum í nýju flæðigryfjurnar í lok júlí. Önnur athugasemd snýr að því að ekki er greint frá mánaðarmeðaltölum í útblæstri í árlegri skýrslu um rekstur reykhléinsivirkja.

Þriðja athugasemdir er vegna seinra skila á skýrslu um rekstur reykhléinsivirkja, brennistein í hráefnum, ryklosun og meðhöndlun aukaafurða fyrir árið 2013 sem skila átti fyrir 1.mars. Skýrslan barst Umhverfisstofnun þann 1.apríl sl.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á að fara yfir innra eftirlit og skráningar (skv grein 3.2 í starfsleyfi).

Ný mæliáætlun hefur verið í endurskoðun. Umhverfisstofnun hefur nú samþykkt áætlunina ásamt yfirlitsmynd yfir mælistaði en óskar eftir endanalegu eintaki til að birta á heimasíðu UST.

Árlegri skýrslu um rekstur reykhléinsivirkja, brennisteinn í hráefnum, ryklosun og meðhöndlun aukaafurða fyrir árið 2013 var skilað 1.apríl sl.

Úttekt á PAH í útblæstri og mælingar á þungmálum í síuryki á að gera á fimm ára fresti skv starfsleyfi. Úttekt á PAH var gerð síðast árið 2011 en mælingar á þungmálum ber að gera á þessu ári (2014). Hljóðmælingar voru síðast gerðar árið 2010.

Vel er haldið utanum reykslepp í sjálfvirku skráningarkerfi sem skráir þann tíma sem skorsteinsspjöldin opnast. Verið er að skoða möguleika á rauntímamælingum á ryki.

Reglulegt eftirlit er á virkni Kjósverja í byrjun morgunvaka, 5 daga vikunnar, þar sem að m.a. er farið yfir ástand síupokanna. Hingað til hefur verið skipt um síupoka á að minnsta kosti tveggja ára fresti en á þessu ári verður verklagi breytt og skipt um poka á að minnsta kosti árs fresti.

Í síuhúsum (frá ofnhúsum) er haldið utan um skráningar fyrir hvert síuhólf og reglulegt eftirlit þrisvar í viku (sjö daga vikunnar). Haldið er utan um skráningar á öllum síupokaskiptum í excel skjali.

Hreinsítækni sér um tæmingu olíuskilja og setþróa. Í eftirlitinu var afhent yfirlit yfir lagnir, olíuskiljur og setþrær og skráningu á tæmingu þeirra. Vel er haldið utan um skráningarnar.

Frárennslismálum eru í eftirfylgni og unnið að úrbótum skv samþykktum úrbótaáætlun. Áætlað er að setja upp sandgildur við útrás (frestur til 15.júní 2014) og gera nýjar mælingar í kjölfarið þegar kerfið er komið í eðlilegan rekstur. Frestur til að skila inn frárennslismælingum er til 31.ágúst 2014.

Rekstraraðili hefur frest til 31.mars til að óska eftir undanþágu til umhverfis- og atvinnuvegaráðuneytisins frá losunarmörkum sýrustigs í frárennslí.

Frávik vegna sólarhringsstyrks SO2 á Kríuvörðu.

Rekstraraðili kynnti niðurstöður nýs lofdreifilíkans á fundi með UST í lok nóvember 2013 þar sem að fram kemur frávikið megi rekja til starsemi Elkem. Unnið er samkvæmt samþykktum úrbótaáætlun. Ný loftgæðastöð var tekin í notkun við Gröf í byrjun árs með símaðingum á SO2. Rekstraraðili hefur auk þess óskað eftir tímabundinni undanþágu frá ákvæðum reglugerðar 787/1999 hvað varðar sólarhringsgildi SO2 vegna svæðis utan þynningarsvæðis og undanþágu frá ákvæði í starfsleyfi um þynningarsvæði. Nýtt loftdreyfilíkan verður reiknað á þessu ári sem tekur inn nýju loftgæðastöðina og hefur rekstraraðili frest til 28.febrúar 2015 til að skila inn nánari úrbótaáætlun byggðum á niðurstöðum loftdreifilíkansins.

Nýjar flæðigryfjur

Umhverfisstofnun hefur samþykkt losun framleiðsluúrgangs í nýri flæðigryfju SV af eldi flæðigryfjunum. Framkvæmdaleyfi frá sveitarstjórn liggr þó ekki fyrir en er ráðgert að losun í gryfjurnar hefjist um leið og það er í höfn. Enn er framleiðsluúrganginum safnað upp í hauga á lóð Elkem þar til að framkvæmdarleyfi hefur fengist.

Rekstraraðili telur að unnt verði að koma eldri haugum í flæðigryfjurnar í sumar (lok júlí). Rætt var um vöktun og skráningar á losun í gryfjurnar. Búið er að koma upp myndavélakerfi sem sýnir alla farma sem koma inn á svæðið og hvar þeir eru losaðir. Haldið er upp á myndir úr myndavélakerfinu í hálfþáttum en verið að skoða leiðir til að lengja varðveislumann. Sérhver farmur verður skráður í sérstakt skráningarkerfi.

Tillaga að vöktun við nýjar flæðigryfjur hefur verið kynnt Umhverfisstofnun.

Tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

Þann 29.nóvember 2013 var tilkynnt um að rykmælingar í töppunarreykháfi mældust yfir starfsleyfismörkum í . Í ljós kom að 4 pokar af 600 voru rifnir í síuhúsinu. Skipt var um síupoka og nýjar mælingar voru gerðar þann 13.desember sem sýndu að virkni reykhreinsivirkisins var komin í lag. Sömuleiðis hefur tilnái pokaskipta verið aukin og eftirlit með ástandi þeirra hert.

Þann 24.janúar sl. var tilkynnt um að breyta þyrfti verklagi við pokaskipti þar sem að ekki væri unnt vegna öryggissjónarmiða að fara inn í reykhreinsivirkí frá ofni 3 til að blinda poka þegar það væri í rekstri.

Þann 14.mars var tilkynnt um bilun í reykhreinsivirkí við uppkeyrslu á ofni nr 2. Lokið var við viðgerð samdægurs og var reykslepp í samtals 168 mínutur af þessum sökum.

Elkem Ísland hefur ISO 14001 og 9001 vottun sem birt hefur verið á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd var gerð við að ekki er komið leyfi fyrir losun í flæðigryfjurnar og því ennþá verið að safna upp úrgangi á lóð fyrirtækisins. Í eftirlitinu kom fram að áætlað er að búið verði að koma eldri birgðum í nýju flæðigryfjurnar í lok júlí. Önnur athugasemd snýr að því að ekki er greint frá mánaðarmeðaltölum í útblæstri í árlegri skýrslu um rekstur reykhreinsivirkja.

Þriðja athugasemdir er vegna seinra skila á skýrslu um rekstur reykhreinsivirkja, brennistein í hráefnum, ryklosun og meðhöndlun aukaafurða fyrir árið 2013 sem skila átti fyrir 1.mars. Skýrslan barst Umhverfisstofnun þann 1.apríl sl.

ANNAÐ

Boðað hafði verið til samráðsfundar og opins kynningarfundar þegar eftirlitið fór fram sem var haldinn þann 9.apríl sl.

Reykjavík, 03.06.2014


Halla Einarsson

Halla Einarsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.